

til greina, þó þannig að kærði sæti eigi lengur gæsluvarðhaldi en til miðvikudagsins 12. október nk. kl. 17:00.

Brot þau sem kærði er hér grunaður um geta varðað fangelsisrefsingu skv. 244. og 252. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bjarni Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 12. október nk. kl. 17:00.

Þriðjudaginn 4. október 1988.

Nr. 366/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Skúla Úraniussyni

(Jón Hjaltason hrl.)

Bifreiðar. Manndráp af gáleysi. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 4. desember 1987 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Ákærði ók hópbifreiðinni V-327 aftur á bak norður Bárugötu (Bárustíg) í Vestmannaeyjum 22. janúar 1984, sem var sunnudagur en ekki fimmtudagur eins og misritast hefur í ákæru. Varð Kristín Þórðardóttir, sem gekk í sömu átt, fyrir bifreiðinni og beið bana. Snjóköma var og skafrenningur og skyggni mjög lélegt. Möguleikar ákærða til að sjá úr öikumannssæti aftur fyrir bifreiðina voru vegna

Þessa litlir sem engir. Skömmu áður hafði ákærði hleypt farþegum út úr bifreiðinni, þar á meðal Kristínu heitinni. Vissi hann hvert ferð hennar var heitið og jafnframt hlaut honum að vera ljóst að örðugt gæti verið að ganga annars staðar en á akbrautinni vegna snjóruðnings beggja vegna hennar. Að eigin sögn ók ákærði bifreiðinni greitt aftur á bak. Með þessum akstri sínum sýndi ákærði mikla óvarkárni og hefur brotið gegn 4. mgr. 46. gr., 1. mgr. og b og f staflidum 3. mgr. 49. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. nú 1. mgr. 17. gr., 1. mgr. og staflid b 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem dæma ber eftir samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Á það verður fallist með héraðsdómara að ofangreind ákvæði tæmi sök þannig að 1. mgr. 37. gr. laga nr. 40/1968, sbr. nú 1. mgr. 4. gr. laga nr. 50/1987, verði eigi beitt jafnframt. Þar sem mannsbani hlaut af hinum gálausa akstri ákærða verður honum einnig refsað fyrir brot gegn 215. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. nú 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Með vísan til 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. nú 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, verður ákærða ákveðin ökuleyfisvipting í 15 mánuði frá birtingu héraðsdóms 29. október 1987 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar eins og nánar greinir í dómsorði.

Dráttur á meðferð máls þessa í héraði hefur ekki verið réttlættur.

D ó m s o r ð:

Ákvæði hins áfrýjanda dóms um refsingu ákærða, Skúla Úraníussonar, skal vera órsakað.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 15 mánuði frá 29. október 1987 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 6. október 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. þ.m., er höfðað hér fyrir sakadóminum með ákæru rikissaksóknara, útgefinni 7. október 1985, á hendur Skúla Úraniussyni bifreiðastjóra, Hásteinsvegi 37, Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa í Vestmannaeyjum laust eftir kl. 14:00 fimmtudaginn 22. janúar 1984, þá er hann ók starfsfólki Vinnslustöðvarinnar frá vinnu á fólksflutningabifreiðinni V-327 í fávíðri og snjókomu, ekið bifreiðinni af mikilli óvarkárni aftur á bak norður Bárugötu frá mótum Bárugötu og Vesturvegar, þar sem hann hafði stöðvað bifreiðina skömmu áður vegna snjóófærðar, þrátt fyrir að hann sæi ekki aftur fyrir bifreiðina sökum veðurs, með þeim afleiðingum að Krístrún (sic) Þórðardóttir, fædd 4. júní 1933, sem ákærði hafði hleypt út úr bifreiðinni stuttu áður og gekk norður götuna, varð undir hægra afturhjóli bifreiðarinnar. Hlaut hún mikla áverka á höfði, brjóstholi og kviðarholi, sem leiddu hana til dauða nær samstundis.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 1. mgr. 37. gr., 4. mgr. 46. gr. og 1. mgr. og 3. mgr. staflíði b og f 49. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisvptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði hefur tekið til varna í málinu og af hálfu hans eru gerðar þær dómkröfur að ákærði verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og sakarkostnaður allur, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, verði greiddur úr rikissjóði.

I. Málavextir.

Sunnudaginn 22. janúar 1984 kl. 14:17 var lögreglunni í Vestmannaeyjum tilkynnt um umferðarslys á Bárugötu á mótis við hús nr. 2. Samkvæmt upplýsingum þess sem tilkynnti og öðrum gögnum málsins hafði rútubifreiðinni V-327, í eigu Vinnslustöðvar Vestmannaeyja, verið ekið aftur á bak og yfir gangandi vegfaranda, Kristínu Þórðardóttur, Eystra-Norðurgarði, Vestmannaeyjum. Fljótlega eftir slysið komu lækningar á staðinn og var hin slasaða úrskurðuð látin kl. 14:55 af Birni Gunnlaugssyni lækni.

Eins og kemur fram í vottorði Karls Haraldssonar læknis, dags. 22. janúar sl., mun konan hafa látist samstundis, en vottorðið er svohljóðandi:

„Vottorð.

Varðandi: Kristínu Þórðardóttur.

Heimili: Eystri Norðurgarður, Vestmannaeyjum.

Fædd: 04.06. '33.

Þann 22.01. 1984 kl. um 15:30, var ég kallaður á slysstað, ásamt Birni Gunnlaugssyni, lækni, en þá skömmu áður hafði Kristín orðið undir fólksflutningabil.

Við fyrstu skoðun var engin lífsmörk að finna og við nánari skoðun kom í ljós að konan hefur látist samstundis.

Þetta vottast samkvæmt beiðni bæjarfógeta.“

Kristín heitin var 50 ára að aldri er hún lést, fædd 4. júní 1933. Rétt þykir nú að fjalla nokkuð um rannsókn máls þessa.

Sunnudaginn 22. janúar könnuðu lögreglumenn vettvang, gerðu uppdrátt af vettvangi, létu ljósmyndara taka myndir af vettvangi, tóku stutta skýrslu af ákærða og sjónarvotti. Var málið síðan í höndum rannsóknarlögreglu Vestmannaeyja og tók rannsóknarlögreglumaður framburðarskýrslu af ákærða 26. janúar 1984 og vitnunum Péttri Árnmarssyni og Viðari Elíassyni þann sama dag. Þá tók rannsóknarlögreglumaður framburðarskýrslu af vitninu Þór Ísfeld Vilhjálmssyni 8. mars 1984.

Með bréfi dagsettu 13. apríl 1984 sendir fulltrúi bæjarfógeta ríkissaksóknara málið til fyrirsagnar. Með bréfi ríkissaksóknara dags. 15. maí 1984 er málið endursent bæjarfógeta og lagt fyrir hann að halda rannsókn málsins áfram, eða eins og segir í bréfinu með eftirgreindum hætti:

„1. Kærði hefir hjá lögreglu lýst fyrirhuguðum akstursleiðum V-327, fyrst suður Bárugötu og vestur Vesturveg og síðan, er sú leið reyndist ófær, norður Bárugötu og út á Strandveg. Engin götuheiti eru merkt inn á uppdrátt lögreglu. Er nauðsynlegt að lagður verði fram í málinu uppdráttur af nærliggjandi götum með hliðsjón af framansögðu.

2. Vitnið Pétur Árnmarsson hefir borið að það hafi séð bifreiðina V-327 koma frá Strandvegi og fram hjá vitninu suður Bárugötu og skömmu síðar séð mann ganga norður Bárugötu. Nauðsynlegt þykir að vitni þetta verði yfirheyrt nánar um málsatvik og þá sérstaklega staðsetningar mannsins og bifreiðarinnar á götunni og verði uppdrættir lögreglu bornir undir vitnið. Það athugist að í yfirlitsskýrslu lögreglu er haft eftir vitninu að Kristín heitin hafi lent undir hægra afturhjóli bifreiðarinnar en það kemur ekki frekar fram í skjölum málsins.

3. Í skýrslu Skúla Úraníussonar hjá lögreglu kemur fram að Kristín hafi farið úr bifreiðinni V-327 á móts við Bárugötu 2, en í yfirlitsskýrslu lögreglu er haft eftir honum að Kristín hafi farið út við Kaupfélag Vestmannaeyja, Bárugötu 6. Leitast verður eftir því með yfirheyrslum að upplýsa nánar hvar Kristín hafi farið úr bifreiðinni og athugist í því sambandi að það kemur ekki fram hjá vitninu Péttri Árnmarssyni, sem statt var norðan við kaupfélagshúsið, að það hafi séð bifreiðina stöðvast til að hleypa fólki út.

4. Gefin verði upp í metrum lengd hjólfara á uppdrætti lögreglu, sem virðist vera sú leið er V-327 var ekið aftur á bak.

Verði rannsókn hraðað eftir föngum og málið endursent að henni lokinni.“

Rannsóknardómari og rannsóknarlögregla hlutast nú til um að fá inn í málið þau gögn sem ríkissaksóknari biður um og tekur rannsóknarlögreglumaður nú aftur framburðarskýrslur af ákærða, þ.e hinn 23. maí 1984, og af vitninu Péttri Árnmarssyni daginn eftir eða 24. maí 1984. Í skýrslu er rannsóknarlögreglan fær frá Ágústi Birgissyni lögreglumanni, er gerði vattvangsuppdrátt er fylgdi frumskýrslu, svarar lögreglumaðurinn 4. lið athugasemda ríkissaksóknara með þessum hætti:

„Skýringar varðandi meinta akstursstefnu merkta E á teikningu: Línurnar eru teiknaðar samkvæmt framburði ökumanns á skýrslu um umferðarslys. Línurnar teljast ekki hjólför vegna þess að snjó skóf jafnóðum í öll hjólför. Línurnar eru aðeins til að marka áætlaða vegalengd ekna aftur á bak. Samkvæmt uppdrættinum eru línurnar sem næst 22 metrar.“

Það er síðan ekki fyrr en 15. ágúst 1985 sem rannsóknardómari sendir málið síðan á nýjan leik til ríkissaksóknara til fyrirsagnar. Ríkissaksóknari gefur síðan út ákæru eins og fyrr segir hinn 7. október 1985. Undirritaður héraðsdómari tók ekki við máli þessu fyrr en í byrjun maí 1987 og hafði málið þá verið þingfest og dómtekið 2. apríl 1986. Var málið nú endurupptekið 15. maí 1987 og málið rannsakað fyrir dómi. Málið var síðan dómtekið að nýju hinn 22. september sl.

Eins og að framan greinir varð umrætt umferðarslys á Bárugötu. Rannsóknargögn bera með sér að umræddan dag var vond færð á götum bæjarins sökum snjóþyngsla og mun hafa gengið á með snjókomu og skafrenningi, en rofaði þó til á milli. Ákærði, sem hafði með höndum þann starfa að aka starfsfólki Vinnslustöðvar Vestmannaeyja í og úr vinnu og notaði til þess rútubifreiðina V-327, var í umrætt sinn að aka fólki heim úr vinnu eftir að aðgerð lauk í fiskverkunarhúsinu. Fáir munu hafa verið í bifreiðinni, enda höfðu fáir mætt í vinnu sökum illviðris og ófærðar. Af gögnum málsins er ljóst að ákærði ók suður Bárugötu og á móts við hús Kaupfélags Vestmannaeyja, sem er hús nr. 6 á Bárugötu, fór Kristín heitin úr bifreiðinni. Mikil ófærð var á gangstígum, en ljóst má telja að undir þeim kringumstæðum hefði gatan verið greiðfærust fyrir gangandi vegfarendur. Talið er að Kristín heitin hafi ætlað að hitta mann sinn er vann í Fiskiðju Vestmannaeyja á Strandvegi sem er norðan við Bárugötuna. Fullvist er, enda upplýst í málinu, að eftir að Kristín heitin fór úr bifreiðinni gekk hún norður götuna (Bárugötu). Bifreiðin V-327, sem nú er ónýt, var, eins og að framan greinir, rúta af gerðinni Mercedes Benz árgerð 1979, 2,50 m á breidd og 10,40 metra á lengd. Eftir að Kristín heitin var farin úr bifreið-

inni ók ákærði bifreiðinni nokkra metra áfram suður Bárugötu og hugðist síðan aka vestur Vesturveg, en það reyndist ómögulegt sökum ófærðar. Þegar hér var komið sögu var bifreiðin á gatnamótum Bárugötu og Vesturvegar. Virðist ákærði nú taka þá ákvörðun að aka bifreiðinni aftur á bak sömu leið og hann hafði komið. Vitni segja að hann hafi nú viðstöðulaust ekið bifreiðinni norður Bárugötu allt þar til ákærði stöðvaði bifreiðina um fjórtíu metra frá horni Bárugötu og Vesturvegar, en Kristín heitin hafði þá orðið fyrir bifreiðinni. Er að var komið lá Kristín heitin undir bifreiðinni innanvert við hægra afturhjóll og reyndist hún látin. Af ummerkjum var ljóst að hægra afturhjóll hafði farið yfir konuna og mun hún hafa látist samstundis. Líkið var krufið á rannsóknarstofu Háskólans. Í skýrslu Ólafs Bjarnasonar prófessors er framkvæmdi krufninguna segir m.a.: „Líkið kemur í rannsóknarstofuna alklaett í dökkbláa úlpu föðraða og er úlpan nokkuð blóðug innan, bláa velúr peysu, ljósbrúnar flauelisbuxur og eru þær nokkuð rifnar að framan neðan við buxnastrenginn og er hér um þverrifur að ræða, bláar síðar velúrbuxur, tvenna velúrjakka, bláan bol með hvítum röndum, hvítar stuttar nærbuxur og fjólubláan brjóstahaldara. Úlpan er nokkuð blóðug innan eins og að ofan segir og er hér að mestu um storkið blóð að ræða. Ytri buxur eru nokkuð rifnar.“

Krufningin:

Líkið er af 167 cm háum kvenmanni í riflegum holdum. Líkið er alstirt og förlauðbláleitir líkblettir dreifðir um aftanverðan líkamann. Ekkert sérstakt á augum að sjá. Nokkurt blóðlitað slím er í nösnum. Ekert sérstakt á ytri eyrum að sjá. Gervitennur eru í báðum gómum, en að öðru leyti ekkert sérstakt á munninum að sjá. Utanvert vinstra megin á enni rétt ofan við utanverða augabrúnina er skálægur gapandi skurður með tættum börmmum og gengur á parti alveg inn í bein.

Önnur áverkamerki en að ofan getur sjást ekki við ytri skoðun á líkinu.“

Ályktun prófessorsins er á þessa leið:

„Við krufninguna komu í ljós stórar rifur í hjarta og gollurshús. Þá var aðalstofn lungnaslagæðar til vinstra lunga rifin um þvert og sömuleiðis aðalberkjastofn til sama lunga, en vinstra lunga sjálft lá laust í brjóstholinu. Stórar rifur voru á yfirborð hægra lunga. Veruleg blæðing var í brjósthol og gollurshús. Lifrín var meira og minna sundurtætt. Einnig var miltið nokkuð rífið og blóðslikja á kviðarholslíffærum. Flest rif voru brotin beggja vegna og gapandi brot í gegnum lifbein. Loks var brot þvert í gegnum höfuðkúpubotninn í miðheilagróf og blæðing milli heilahimna.“

Ofangreindir áverkar munu nær samstundis hafa orðið konunni að bana.“

Verða nú raktir framburðir ákærða og vitna.

Eins og áður segir gaf ákærði þrisvar sinnum skýrslu hjá rannsóknarlögreglu og sömuleiðis hefur hann þrisvar sinnum gefið skýrslu fyrir dómi. Í fyrstu skýrslu, sem tekin er af ákærða Skúla hjá rannsóknarlögreglu 25. janúar 1984, kvaðst hann hafa ekið austur Strandveg og síðan suður Bárugötu, en stöðvað rútuna móts við Mexíkanann, Bárugötu 2, þar sem hann hafi hleypt út einum farþega. Kvaðst hann síðan hafa ekið áfram suður Bárugötu, um það bil tvo metra, þá hafi Kristín heitin farið út. Í skýrslu sem tekin er af ákærða hjá rannsóknarlögreglu fjórum mánuðum síðar eða 23. maí 1984 segir hann að ekki sé alveg rétt greint frá því hjá sér í fyrri skýrslu varðandi þessi atriði og tilgreindi nú umrædda staði sunnar á Bárugötu nær Vesturvegi. Skýrði ákærði það nánar þannig að snjóskafli hafi verið á Miðstræti frá horni húss nr. 2 á Bárugötu skáhallt yfir götuna og á bifreiðastæði norðan húss nr. 7 við sömu götu. Kvaðst hann hafa ekið yfir umræddan skafli og hafi þá fyrrgreindur farþegi farið úr rútunni, þ.e. við norðurhorn húss nr. 6 á Bárugötu. Þá hafi hann ekið áfram suður götuna, því sem næst tvo metra, og hleypt þá Kristínu heitinni út. Ákærði markaði staði þessa út á korti (dskj. XVIII) í yfirheyrslu hér fyrir dómnum 15. maí sl. og eru staðirnir þar tilgreindir sem X og XI. Svo vikið sé nú aftur að yfirheyrslu yfir ákærða hjá rannsóknarlögreglu 26. janúar 1984 þá kvaðst hann eftir þetta hafa gert misheppnaða tilraun til að aka vestur Vesturveg, en þá tekið þá ákvörðun að aka aftur á bak alla Bárugötuna út á Strandveg. Kvaðst hann nú hafa opnað hliðarglugga rútunnar öku-manns megin, þ.e. vinstra megin. Hann hafi reynt að nota útsýnisspegilinn en ekkert séð nema stanslausan snjóbyl en þó greint hjólfarið eftir rútuna. Þar sem ákærði kvaðst hafa útilokað að nokkuð gæti verið fyrir aftan rútuna í þessu veðri og færð annað en þá bill, kvaðst hann hafa ekið rútunni aftur á bak á talsverðri ferð þar sem ekki hafi þýtt annað vegna ófærðarinnar. Taldi ákærði sig hafa ekið þannig nokkra metra en þá heyrt vitnið Pétur öskra. Kvaðst ákærði hafa stoppað bifreiðina og stigið út og séð þá að Kristín heitin lá undir rútunni, framan við hægra afturhjóli, hreyfingarlaus með andlitið niður í snjóinn. Í þessari skýrslu er haft eftir ákærða að engum sem í rútunni hafi verið hafi dottið í hug að fara út og segja sér til, og það hafi heldur ekki hvarflað að sér, enda ekki átt von á gangandi vegfaranda á akveginum í svo „brjáluðu“ veðri. Í skýrslu sem tekin er af ákærða fyrir dómi 15. maí sl. lýsir ákærði atburðarásinni svo að er hann hafi verið kominn að gatnamótum Bárustígs og Vesturvegar hafi hann séð á Vesturveginum liggja hjólför í snjónum, en þar sem hann hafi verið á hægri ferð hafi hann talið nauðsynlegt að aka aftur á bak, að því er virðist til að fá svigrúm til að auka ferðina er ekið væri inn á Vesturveg. Í þessari skýrslu segir ákærði að hann hafi sett bifreiðina í aftur á bak gir og ekið henni aftur á bak nokkra metra, en síðan ekki komist áfram er hann gerði

tilraun til þess. Var ákærði nú staddur með bifreiðina á staðnum X3 (dskj. XVIII), sem er um 30 metrum frá upphafsstaðnum X2 (dskj. XVIII) sbr. dskj. XXVI.

Í þessari skýrslu segist ákærði nú hafa tekið ákvörðun um að aka bifreiðinni aftur á bak alveg út á Strandveg. Ákærði kvaðst hafa metið aðstæður svo að hættulaust væri að aka rúttunni aftur á bak, enda sá hann ekkert er hindrað gæti slíkan akstur. Kvaðst hann ennfremur hafa gert sér grein fyrir að hann þyrfti að aka bifreiðinni á töluverðri ferð aftur á bak til að komast yfir snjóskafli sem legið hafi skáhalt yfir götuna á norðanverðum gatnamótum Bárustígs og Miðstrætis. Kvaðst ákærði því hafa ekið greitt aftur á bak og ekki stansað (staðurinn Y dskj. XVIII) fyrr en hann heyrði í vitninu Pétri, en sú vegalengd, sem ákærði ók þannig aftur á bak sé miðað við það hvar Kristín heitin lá undir rúttunni er að var komið, er rúmlega 14 metrar.

Verður nú vikið að framburði vitnisins Péturs Árnmarssonar. Auk tilvísunar í frásögn hans, sem er að finna í frumskýrslu lögreglu, eru tvisvar sinnum teknar skýrslur af vitni þessu hjá rannsóknarlögreglu. Þá kom vitni þetta fyrir dóm til skýrslutöku hinn 9. september sl. Framburður vitnisins er sem hér segir, og verður þá að meginstefnu til stuðst við framburð vitnisins frá 26. janúar 1984, en framburður vitnisins fyrir dómi er þó engan veginn í ósamræmi við þann framburð. Vitnið sagði að í umrætt sinn hafi það verið statt á bifreiðastæði norðanvert við matvöruverslun Kaupfélags Vestmannaeyja, sem sé hús nr. 7 við Bárugötu. Kvaðst vitnið hafa verið að bjástra við bifreið sína sem hafi verið í festu þarna á stæðinu. Vitnið sá er rúttubifreiðin ók suður Bárugötu og aðeins síðar sá það mann ganga norður götuna í átt að hinum gangandi vegfaranda. Vitnið kvaðst hafa reynt að kalla til ökumanns til að afstýra slysi, en það hafi ekki borið árangur og rúttubifreiðin ekið yfir manninn sem reyndist vera Kristín heitin Þórðardóttir. Vitnið sagði að ákærði hefði stöðvað rúttuna er vitnið sagði við hann að maður lægi undir bílnum og var vitnið þá komið mjög nálægt rúttunni. Vitnið tilkynnti lögreglu síðan um slysið.

Vitnið Viðar Eliásson, sem var farþegi í bifreiðinni V-327, sagði að eftir að Kristín heitin hafi verið farin úr bifreiðinni hafi ákærði ekið áfram suður Bárugötu, en sökum ófærðar ekki tekist að aka vestur Vesturvegin. Vitnið kvað ákærða nú hafa ekið aftur á bak frá gatnamótum Bárugötu og Vesturvegar norður Bárugötuna þar sem ákærði hafi ætlað að aka út á Strandvegin. Ákærði hafi síðan ekki stöðvað bifreiðina fyrr en vitnið Pétur kallaði að maður hefði orðið undir bílnum. Kvaðst vitnið hafa farið út úr bifreiðinni ásamt ákærða og vitninu Þór og séð hvar Kristín lá undir rúttunni. Lögreglan hafi síðan komið mjög fljótlega á staðinn og ennfremur lækni og þá hafi konan verið flutt á sjúkrahúsið. Vitni þetta taldi að Kristín heitin

hefði farið úr rútunni á móts við vefnaðarvöruverslun Kaupfélags Vestmannaeyja, hús nr. 6 við Bárugötu, og hafði þá rútan verið nær horni Vesturvegar en Miðstrætis. Vitnið taldi ennfremur mjög ólíklegt að ákærði hefði stöðvað rútuna við staðinn X3 og ekið síðan áfram aftur á bak og taldi að ákærði hefði ekið aftur á bak frá gatnamótum Vesturvegar og Bárugötu allt þar til hann hafi stöðvað rútuna er hann heyrði í vitninu.

Vitnið Þór Ísfeld Vilhjálmsson, sem eins og vitnið Pétur var farþegi í bifreiðinni V-327, taldi eins og vitnið Pétur að Kristín heitin hefði farið úr bifreiðinni rétt við gatnamót Bárugötu og Vesturvegar. Lýsing vitnisins á akstri ákærða eftir það var í fullu samræmi við framburð vitnisins Viðars og hér að framan er tilgreindur.

II.

Niðurstaða.

Í máli þessu er óumdeilt að ákærði ók bifreiðinni V-327 í umrætt sinn aftur á bak norður Bárugötu með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir og er lýsing í ákæru á veðri í samræmi við vottorð frá Væðurstofu Íslands, dskj. XV. Hins vegar kemur hér til skoðunar hvort ákærði hafi í umrætt sinn sýnt af sér mikla óvarkárni eins og haldið er fram af hálfu ákæruvaldsins eða hvort ákærði hafi í engu farið öðruvísi að við aksturinn en hver góður bifreiðastjóri hefði farið að við fyrirbyggjandi aðstæður, en því er haldið fram af hálfu verjanda ákærða að svo hafi verið.

Þegar allar aðstæður eru virtar verður að telja að það hafi verið röng ákvörðun hjá ákærða að aka bifreiðinni aftur á bak norður Bárugötu í átt að Strandvegi eftir að hafa gert misheppnaða tilraun til að aka bifreiðinni vestur Vesturveg. Hið mjög svo takmarkaða sjónsvið aftur fyrir bifreiðina sem ákærði hafði við þessar aðstæður hlaut að valda því að aksturinn yrði áhættusamur fyrir hann og gat sett aðra vegfarendur á Bárugötu í stórhættu. Í þessu sambandi skal á það minnt að ákærði hefur viðurkennt að þótt hann hafi reynt að nota hliðarspegil, þá hafi hann ekkert séð nema stanslausan snjóbyl. Lýsir þetta betur en margt annað hversu gífurlega erfíðar og jafnvel ómögulegar aðstæður til aksturs hér var um að ræða þá stundina, sem aftur hlaut að kalla á ýrustu varkárni, ekki síst ákærða, sem við þessar aðstæður ók aftur á bak stórrí fólksflutningabifreið á töluverðri ferð. Segja má að ákærði hafi í umrætt sinn ekið út í óvissuna í eiginlegum skilningi. Sú málsástæða sem fram kemur hjá ákærða og verjanda hans að ákærði hafi ekki getað búist við gangandi vegfaranda á akstursleiðinni kemur hér augljóslega ekki til álita þegar af þeirri ástæðu að ákærða bar að gæta fyllsta öryggis og sýna ýrustu varkárni, en í samræmi við það sem að framan greinir var hvorugu til að dreifa hjá ákærða, en akstur hans var til þess fallinn að bjóða hættunni heim. Þá

skiptir það heldur ekki máli þótt ákærði hafi á vissu stigi rannsóknarinnar talið að hann hafi ekið bifreiðinni aftur á bak í tveimur áföngum. Hins vegar er ljóst að vegalengd sú sem ákærði ekur aftur á bak með svo örlagaríku hætti eru rúmir 40 metrar.

Framangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali ríkissaksóknara réttilega talin varða við 4. mgr. 46. gr. og 1. mgr. og 3. mgr. staflíði b og f 49. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968. Hins vegar verður að telja að ákvæði þessi tæmi sök að þessu leyti, þannig að 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga verður eigi beitt jafnframt.

Ljóst er skv. réttarkröfningu þeirri sem fram fór á líki Kristinar heitinnar og öðrum gögnum málsins að áverkar þeir, sem hún hlaut við það að bifreiðin V-327 ók yfir hana, leiddu hana til dauða samstundis eða nær samstundis.

Áverkum þeim sem hér um ræðir er réttilega lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara. Þótt ákærði virðist ekki hafa gert sér grein fyrir þeirri hættu sem af akstri hans við þessar aðstæður leiddi, þá verður að meta honum það til stórfellds gáleysis vegna óvarkárni og aðgæsluleysis, hversu hrapallega illa tókst til með aksturinn þannig að leiddi til dauða Kristinar Þórðardóttur sem fædd var 4. júní 1933, en nafn hennar er misritað Krístrún í ákæru. Ákærða verður þó augljóslega dæmt áfall þrátt fyrir þessa misritun í ákæru, sbr. 3. mgr. 118. gr. l. 74/1974.

Þar sem mannsbani hlaut af mikilli óvarkárni ákærða, verður ekki hjá því komist að refsja ákærða fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til þess lagaákvæðis er brot ákærða að þessu leyti réttilega heimfært í ákæruskjali ríkissaksóknara.

Ákærði er sakhæfur. Hann er fæddur 23. maí 1956 og hefur ekki sætt refsingu samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins svo kunnugt sé.

Með vísan til framanritaðs telst brot ákærða varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 4. mgr. 46. gr. og 1. mgr. og 3. mgr. staflíði b og f 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976.

Refsing ákærða er með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 30 daga varðhald. Þegar litið er til þess, að ákærði hefur eigi áður gerst sekur um refsilagabrot og með hliðsjón af málsatvikum, þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga 22/1955.

Eins og krafist er í ákæru og með vísan til 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, ber að svipta ákærða ökuleyfi og telst ökuleyfissviptingin hæfilega ákveðin í eitt ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Í samræmi við niðurstöðu málsins, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974,

ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 35.000,00, til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hrl.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari, sem tók við málinu 1. maí 1987, kvað upp dóm þennan.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Skúli Úraniússon, sæti varðhaldi í 30 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í eitt ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Hjaltasonar hrl., kr. 35.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 6. október 1988.

Nr. 86/1987. **Matthías Einarsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Kaupfélagi Berufjarðar

(Ólafur Axelsson hrl.)

Fjárnámsgerð felld úr gildi. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramennir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson seitur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. febrúar sama ár. Hann krefst þess